

Fyrsti fundur Delta - deildar starfsárið 2017 – 2018
haldinn í Tónlistarskóla Borgarfjarðar 18. september, 2017

Mættar: Guðlaug Sverrisdóttir, Þrúður Kristjánsdóttir, Theódóra Þorsteinsdóttir, Dagný Emilsdóttir, Brynja Helgadóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Elísabet Jóhannesdóttir, Jónína Eiríksdóttir, Þórunn Reykdal, Soffía Sigurjónsdóttir, Sóley Sigurþórsdóttir, Inga Stefánsdóttir, Ingibjörg Konráðsdóttir, Jónína Erna Arnardóttir og Ásta Egilsdóttir.

Forföll boðuðu: Gyða Bergþórsdóttir, Jóhanna Karlsdóttir, Sjöfn Guðlaug Vilhjálmisdóttir, Sigurveig Sigurðardóttir og Kristín Thorlasius.

Dagskrá fundar:

1. Guðlaug setti fund og bauð félagskonur velkomnar. Inga kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi.
2. Guðlaug fór yfir mætingu og bar kveðju frá þeim félagskonum sem boðuðu forföll.
3. Ásta las fundargerð síðasta fundar.
4. Guðlaug fór yfir ákvæði laga DKG um virkar félagskonur og aukafélagskonur.
<https://www.dkg.is/is/um-dkg/log-og-reglur>
5. Guðlaug sagði frá formannafundi sem hún sótti ásamt Jensínu en sú síðarnefnda mun starfa áfram sem gjaldkeri landsambandsins. Á fundunum var ákveðið að kjörorð starfsársins yrði „Beinum sjónum inn á við og látum starfið blómstra“ Í september-fréttabréfi forseta DKG segir um kjörorðið: „Þessi setning lýsir vel því sem við teljum líklegast til að efla samtökin okkar eins og staðan er núna. Við verðum sífellt að minna okkur á að við sjálfar, konurnar í deildunum, erum kjarninn í starfinu og hann þarf að rækta. Ef vel tekst til með það ætti starfið hjá okkur að blómstra.“
 - a. Framkvæmdaráætlun stjórnar DKG er komin inn á vef samtakanna og eru félagskonur hvattar til að kynna sér hana á slóðinni
<https://www.dkg.is/is/stjorn-og-nefndir/framkvaemdarad/2017-2019> ásamt því að fara reglulega inn á vef DKG.
 - b. Í áætlun landsstjórnar er stefnt að því að safna ábendingum um efni sem konur í deildum senda frá sér og að útbúa lista yfir umfjöllunarefni sem konur í DKG eiga í fórum sínum og vilja koma á framfæri í fyrirlestrum eða kynningum. Leitað er eftir aðstoð félagskvenna við þetta verkefni en listinn „er hugsaður til að auðvelda okkur að koma DKG konum á framfæri þegar verið er að skipuleggja ráðstefnur eða kynningar“ (Fréttabréf forseta í september 2017). Guðlaug lét lista ganga þar sem við gátum skráð umfjöllunarefni okkar.
6. Guðlaug las upp reglur um inntöku nýrra félaga og niðurstöður þar um frá fundinum í Ensku húsunum s.l. vor. Síðar fór fram kynning á konum sem boðin verður innganga í Deltadeild. Þær eru:
 - a. Kistrún Sigurbjörnsdóttir, leik- og grunnskólakennari, Akranesi
 - b. Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, þroskaþjálfari, Akranesi
 - c. Elínborg Sturludóttir, prestur í Stafholti
 - d. Inga Hanna Halldórsdóttir, framkvæmdarstjóri Símenntunar, Borgarnesi
 - e. Íris Guðbjartsdóttir, kennari, Búðardal

Jensína mun ræða við Valgerði Janusardóttur, sviðstjóra skóla- og frístundasviðs á Akranesi um að hún færi sig yfir í Deltadeild en hún er félagi í Lambdadeild. Sara

- Margrét sem sótt hefur fundi hjá okkur ætlað að sitja hjá í vetur vegna anna. Guðlaug mun ræða við ofangreindar konur og bjóða þeim á afmælisfundinn 18. nóv.
7. Orð til umhugsunar. Þórunn Reykdal átti orðið að þessu sinni. Ræddi hún um mikilvægi starfsins og hversu gott það væri að taka þátt í því. Hún taldi okkur duglegar að skipta með okkur verkum og að fá konur til að vinna. Hvatti okkur til dáða, til að halda áfram að efla okkur til að mynda með fundum á borð við þá sem voru í Ensku húsunum og á Glym þar sem við nutum visku þeirra Ingu og Sigrúnar. Slíka fundi eigum við að endurtaka til að gleyma ekki!
 8. 30 ára afmæli Deltadeildar. Afmælisdagurinn verður 18. nóvember n.k. í Stúkuhúsinu á safnasvæðinu á Akranesi. Veitingar koma frá Garðakaffi. Þann 2. maí 1987 mættu átta konur til að stofnfundar Deltadeildar en þar sem stofnfélagar verða að vera tólf var haldinn framhaldsfundur 31. október sama ár þar sem sjö konur bættust í hópinn og telst sá fundur formlegur stofnfundur deildarinnar. Í inntökubók Deltadeildar eru stofnfélagar skráðir: Guðbjörg Sigurðardóttir, Gyða Bergþórsdóttir, Helga Tryggvadóttir, Hildur S. Þorsteinsdóttir, Jóhann Karlsdóttir, Kristín R. Thorlacius, Sigrún Jóhannesdóttir og Sjöfn Ásbjörnsdóttir sem mættu á fyrri fundinn og Gróa Erla Ragnvaldsdóttir, Guðríður Aadnegard, Guðrún Jóhannesdóttir, Halldís Anna Gunnarsdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Katrín Árnadóttir og Þrúður Kristjánsdóttir sem bættust við á seinni fundinum.
 9. Undirbúningur fyrir afmælishátíð – hópvinna.
 - a. Saga Deltadeildar í máli og myndum, fréttapistill og félagatal – SJ ...
 - b. Söngur og tónlist – TP, JEA ...
 - c. Skemmtidagskrá – ÞR, JK ...
 - d. Sögur úr kenngslu – SSigþ. ...
 - e. Stjórnin – niðurröðun dagskrárliða o.fl.
 10. Matur. Guðlaug útbjó eðal pastarétt með brauði og pestó. Nammi-namm!
 11. Tilkynningar o.fl.
 - a. Leitað er eftir þremur aðilum í nefndina.
 - b. Guðlaug hvatti félagskonur til að kynna sér fastanefndir DKG
 - c. Tillögur að lagabreytingum þurfa að berast fyrir 1. október 2017
 - d. Vorþing DKG verður haldið á Egilsstöðum 5. maí 2018
 - e. Alþjóðþing DKG verður í Austin í Texas 16.-20. júlí 2018
 - f. Evrópuráðstefna DKG verður á Íslandi 21.-27. júlí 2019
 12. Sóley ræddi félagsgjöldin og útskýrði hvers vegna stjórnin ákvað að hætta við að fara innheimtuleiðina sem ákveðin var í Ensku húsunum en það var vegna kostnaðar sem því fylgdi. Hver og ein getur skipt greiðslu gjalda í sínum heimabanka. Félagsgjald er 12.000.-, þar af rennur 10.000.- til landsambandsins en 2000.- til deildarinnar. Félagskonur leiðréttu einnig félagatalið.
 13. Þetta er ég. Nýr liður á dagskrá og reið Theódóra Þorsteinsdóttir á vaðið. Sagði hún líf sitt snúast um fjölskylduna og starf sitt sem skólastjóra Tónlistarskóla Borgarfjarðar. Lýsti hún starfsánægju sinni og sagði frá söngleik sem verið er að setja upp í tilefni af 50 ára afmæli skólans. Áhugamál fjölskyldunnar snýst um fjallaferðir á sumrin og ferðamennsku en fjölskyldan hefur þann starfa á sumrin að syngja fyrir ferðamenn. Theódóra sagðist njóta þess að vera í Delta og að starfa þar með félagskonum en hún lætur ekki þar við sitja því hún er einnig félagi í Zonta.
 14. Lagið mitt – Elísabet sá um þanni lið og varð Vikivaki (Sunnan yfir sæinn) fyrir valinu, lag Valgeirs Guðjónssonar við texta Jóhannesar úr Kötlu.
 15. Guðlaug fór yfir það sem ákveðið hefur verið í dagskrá vetrarins:

- a. Fyrsti fundur í Borgarnesi – meginefnið undirbúningur fyrir afmælið
- b. Afmælisfundur 18. nóvember í Stúkuhúsinu á Akranesi
- c. Þriðji fundur 9. eða 10. janúar með Uglu - Zontaklúbbi Borgarfjarðar.
- d. Fjórti fundur óákveðinn
- e. Aðalfundur í vor með gistingu

16. Punktar eftir hópinnuna:

- a. Allar félagskonur leggjast á eitt með að rifja upp skemmtilega atburði og finna góðar ljósmyndir frá fundum deildarinnar í gegnum árin og senda til Jónínu Eiríks. Tímasetja og staðsetja atburði og myndir.
- b. Sigrún auglýsti eftir inntökubókinni (Er komin í leitirnar!)
- c. Ásta ræðir við Þórunni um fundargerðir.
- d. Huga þarf að varðveislu gagna eftir 30 ára afmælið.

17. Happdrættið. Ásta fékk vinninginn!

18. Guðlaug sleit fundi kl. 20.00

Ásta Egils
Ritari Deltadeildar